

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Þorrasalir 21. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar þann 13. júlí 2017 breytt deiliskipulag fyrir Þorrasali 21. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til norð-austurs og norðlæg hlið hússins stallast frekar. Hámarksgrunnflötur stækkar um 42 m², úr 180 m² í 222 m² og hámarksflatarmál húss eykst úr 300 m² í 306 m².

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Austurkór 171. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar þann 24. ágúst 2017 breytt deiliskipulag fyrir Austurkór 171. Í breytingunni felst að á lóðinni verður hús á einni hæð án kjallara og gólfkóti aðgangshæðar er lækkaður úr 122,80 í 122,45. Grunnflötur hússins stækkar um 9 m².

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarbraut 9, 13-15 og Bakkabraut 10. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar þann 24. ágúst 2017 breytt deiliskipulag fyrir Hafnarbraut 9, 13-15 og Bakkabraut 10. Í breytingunni felst að byggingarreitur 4. hæðar Hafnarbrautar 9 færist um fjóra metra til vesturs.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Melahvarf 3. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar þann 10. ágúst 2017 breytt deiliskipulag fyrir Melahvarf 3. Breytingin felur í sér að heimilt verður að reisa einbýlis-hús ásamt bílskúr, hljóðveri og stakstætt gestahús á lóðinni. Heildarbyggingarmagn verður 428,2 m², hámarkshæð 6,6 m og nýtingarhlutfall lóðar 0,27.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 5. september 2017.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.